

Ed.

476. Lög

um lögreglusamþyktir í löggiltum verslunarstöðum.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

Í löggiltum verslunarstöðum, sem ekki eru hreppsfélög út af fyrir sig, og þannig ekki njóta heimildarlaga nr. 18, 20. okt. 1905, til þess að gera lögreglusamþyktir, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leyft vera að gera samþykt um meðferð skepna, þar með taldir alifuglar í kaupúnum, til þess að varna því, að tjón eða skemdir hljóti af því, að skepnur gangi lausar eða í vanhírðu, með því að fyrirskipa vörslu á þeim á ákveðnum árstímum.

Hreppsnefnd sendir sýslunefnd frumvarp að samþyktinni, og fallist hún á það, sendist það stjórnarráðinu, er veitir því gildi með staðfestingu sinni.

2. gr.

Tiltaka má í samþyktinni sektir, allt að 200 krónum, fyrir brot á henni, og renna þær í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.